



HAFNARFJÖRÐUR

Umsögn - 12. júní 2017

Efni: Hellisgata 13, fyrirspurn um stækkun, 1706057

Þann 11.4.2017 leggur Tinna Dahl Christiansen inn fyrirspurn til skipulags- og byggingarfulltrúa þar sem óskað er eftir að stækka húsið við Hellisgötu 13. Þann 6.6. berast skissur er sýna fyrirhugaða stækkun.

Hellisgata 13 er byggt árið 1905 og er því friðað. Fellur það undir lög um menningarminjar nr. 80/2012. Um það gildir að leita skal álits Minjastofnunar Íslands áður en ráðist er í allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir og sömu gögn send Minjastofnun til umsagnar og senda þarf til byggingarfulltrúa.

Nú er óskað eftir að stækka húsið til norð-vesturs um 50m² og koma fyrir bílskúr þar undir. Á innsendum skissum má sjá staðsetningu fyrirhugaðra framkvæmda. Sú stækkun sem óskað er eftir fer of nærri lóðarmörkum Hellisgötu 15. Niðurgrafinn bílskúr undir viðbyggingu er ekki mögulegur þar sem gera þarf ráð fyrir skábraut/rampa sem fer frá götuhæð niður á gólf bílskúrs. Ekki er nægjanlegt rými fyrir slíka útfærslu á lóð.

Í ljósi ofangreindra atriða er tekið neikvætt í erindið eins og það liggur fyrir.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt